

Fundargerð

Fundur haldin þann 3. október 2017 kl: 12:10.

Símafundur:

Mættir voru í síma: Andrea Kristín Jónsdóttir formaður, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Pétur G Markan, Gísli Halldór Halldórsson

Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri BsVest og Sif Huld Albertsdóttir verkefnastjóri BsVest, Dagskrá:

Formaður setur fundin og gengið er dagskrá:

1. Tímasetning og dagskrá aukafundar BsVest

Stjórn BsVest leggur til út frá 10. gr 1. mgr. samþykka Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks að boða til aukafundar í Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar kom með tillögu um að halda málþing þar sem fengið verður að borðinu þeir aðilar sem rætt var um á fundinum, þar sem umræða um breytingar á fyrirkomulagi Byggðasamlags Vestfjarða yrði til skoðunar og fleiri sjónarmið koma að borðinu. Með það markmið að sveitarstjórnarmenn geti myndað sér heildstæða skoðun á breytingunum.

Stjórn bókaði:

Stjórn felur verkefnastjóra að senda út greinargerð Ísafjarðarbæjar, skipurit og minnisblað, ásamt erindi frá stjórn þess efnis að hægt verði að senda inn fyrirspurnir til Byggðasamlags Vestfjarða og Ísafjarðarbæjar vegna greinargerðar Ísafjarðarbæjar um breytingu á rekstrarfyrirkomulagi BsVest. Fyrirspurnir skulu berast fyrir 23. október nk. og svar frá Ísafjarðarbæ eða Byggðasamlagi Vestfjarða mun berast sveitarfélögunum ekki seinna en 30. október nk.

Stjórn leggur einnig til að verkefnastjóri leggi línurnar að málþingi sem haldið verður þann 3. nóvember n.k. á Patreksfirði kl:11:00, þar yrðu allir sveitarstjórnarmenn boðaðir ásamt félagsmálastjórum þjónustusvæðanna og aðrir hagsmunaaðilar, farið verður eftir tillögu Ísafjarðarbæjar varðandi dagskrá málþingsins.

Stjórn leggur einnig til að aukafundur verði haldin í kjölfar málþings eða 17. nóvember nk. kl 11:00 á Reykhólum þar sem sveitarstjórnarmenn munu koma saman og funda um endanlega niðurstöðu á ósk Ísafjarðarbæjar að vera leiðandi sveitarfélag.

Fundi slitið 12:35

Sif Huld Albertsdóttir